

nefndar þeirrar, er sameinað Alþingi kaus til þess að endurskoða reikninga yfir kaup og sölu á vörum, er stjórnin hefir síðastliðið ár keypt fyrir landssjóðs fje.

Vjer, sem hið háa Alþingi hefir kosið í nefnd til þess að rannsaka reikninga yfir kaup og sölu á vörum þeim, sem stjórnin, með ráði velferðarnefndar hefir keypt fyrir landssjóðs fje og gefa þinginu stutta skýrslu um það, hvernig þessi verslun hefir borið sig, höfum fengið frá Stjórnarráðinu og samgönguráðunaut, hr. O. Friðgeirssyni, öll skjöl og bækur snertandi kaup og sölu varanna og er bráðabirgðaskilagrein Stjórnarráðsins prentuð sem fylgiskjal I. við skýrslu þessa.

Nefndin fjekk skjöl þessi í hendur 31. f. m. Hefir hún síðan átt nokkra fundi um málið og auk þess hafa nefndarmennirnir reynt að kynna sjer skjölin hver í sínu lagi, en tíminn hefir verið naumur og nefndarmennirnir hlaðnir öðrum þingstörfum, svo rannsóknin hefir ekki getað orðið eins nákvæm og viðtæk, og æskilegt hefði verið.

Þegar nefndin fór að kynna sjer skjöl málsins, sá hún brátt, að ekki gat komið til mála, að hún framkvæmdi reikningslega endurskoðun á reikningunum, enda leit hún svo á, að hlutverk hennar væri að gefa þinginu skýrslu um hvernig þessari verslun landsstjórnarinnar, hafi verið háttað, hve mikil hún hafi verið og hvernig hún hafi borið sig eða muni bera sig. Teljum vjer sjálfsgagt, að hin reikningslega endurskoðun verði framkvæmd á 3. skrifstofu Stjórnarráðsins og síðan yfirfarin af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

Eins og Alþingi mun vera kunnugt, voru menn við síðustu þinglausnir mjög hræddir um að aðflutningur nauðsynjavara til landsins mundi teppast af völdum Norðurálfustyrjaldarinnar, og hefir nefndinni verið sagt, að umboðssalar hjer í Reykjavík hafi eigi þóst geta ábyrgst að nægar nauðsynjavörur fengjust til vetrarins, en eins og við mátti búast, voru vörubirgðir litlar í landinu, þegar styrjöldin hófst.

Þess vegna snerist stjórnin, með ráði velferðarnefndarinnar, að því að kaupa fyrir reikning landssjóðs nokkrar birgðir af þeim nauðsynjavörum, sem hún óttaðist mest að þurð mundi verða á.

Samkvæmt skilagrein stjórnarinnar hefir hún keypt þessar vörur:

I. Kol.

Stjórnin hefir keypt 4 skipsfarma af kolum, sbr. fylgiskj. I., eða samtals 5364,85 tonn, og hafa þessi kol kostað samtals kr. 186531,46. Af kola-birgðunum hafa verið seld 3193,39 tonn, sem kostuðu samtals kr. 90450,81 og er þar með talinn allur kostnaður við sölu og afhending kolanna.

Af kolum þessum hafa 1551,85 tonn verið seld einstökum mönnum í Reykjavík, en hitt sumpart gasstöðinni í Reykjavík og sumpart skipum, þar á meðal leiguskipi landsstjórnarinnar, »Hermod«, til Ameríkuferðar síðastliðið haust.

Við verðlagning og sölu kolanna hefir nefndin ekkert að athuga, en vill að eins benda á, að þrátt fyrir að svo litur út sem nálægt 60 tonna (ca. 3,54%) rýrnun hafi orðið á, kolafarmi þeim, sem seldur var í smásölu hjer í Reykjavík, hefir landssjóður hagnast kr. 6,287,02 á kolasölunni allri.

Af kolabirgðunum er nú óselt 2,181,46 tonn, sem hafa kostað 96,080,65 eða rúmar 44 kr. pr. tonn. Eru 1,082,3 tonn af þessum kolum dýr skipskol, en hitt venjuleg kol til heimilisnotkunar. Sje ágóðinn af kolasölunni dreginn frá verði þeirra kola, sem landssjóður nú á, verður tonnverð þeirra til jafnaðar kr. 41,11. Má ætla að auðvelt sje að fá það verð fyrir þau, þó gert sje ráð fyrir nokkurri rýrnun, þegar þau verða vegin og seld.

II. Vörur frá Ameríku með e/s Hermod.

Í lok ágústmánaðar f. á. sendi landsstjórnin, með ráði velferðarnefndar, gufuskipið Hermod til Ameríku, til þess að sækja þangað ýmsar nauðsynjavörur.

Fór skipið til New-York og var þar keypt hveiti, hafragrjón, hrisgrjón, maismjöl og kaffi. Auk þess 700 fót af steinoliu og litilsháttar af »apótekara- og Röntgensvörum«.

Allar þessar vörur kostuðu í New-York kr. 302,946,38 en voru verðlagðar hjer heima með flutningskostnaði og öllum öðrum kostnaði, þar með talinn kostnaður við afhending og rýrnun varanna, kr. 401,222,92, sbr. flgskj. I, II.

Af vörum þessum fengu Færeyingar tæp 200 tonn og greiddu fyrir þær kr. 45,858,76. Fyrir »apótekara og Röntgensvörur« voru greiddar kr. 4,851,28 og steinolian var seld Fiskifjelagi Íslands fyrir kr. 19,561,30. Enn fremur kemur til frádráttar verði varanna: endurgreidd skipaleiga kr. 373,60. Hinar aðrar vörur voru kornvörur og kaffi fyrir samtals kr. 311,673,98, er alt var selt hjer á landi, nema 1 kaffisekkur fyrir kr. 91,20, sem var óseldur, þegar Stjórnarráðið samdi bráðabirgðaskilagreininna. Er listi yfir sölu þessara vara prentaður hjer á eftir sem flgskj. II. Af lista þessum má sjá, að selt hefir verið hjer á landi:

605 ⁶⁸ / ₈₀	tonn hveiti og overheadmjöl.
112,295	— hafragrjón (völsuð).
102,100	— hrisgrjón.
157,432	— maismjöl og
39,300	— kaffibaunir.

Af skjölum þeim, sem nefndin hefir haft til athugunar, verður ekki sjed hvernig eða eftir hvaða reglum hinar einstöku vörutegundir hafa verið verðlagðar, enda hefir nefndinni ekki unnist timi til að athuga nógu nákvæmlega innkaupsverð hverrar einstakrar vöru. En á listanum, flgskj. II., sjest söluverðið.

Þá hefi nefndin athugað að af vörum þessum hefir verið flutt burt frá Reykjavík vörur fyrir kr. 217,791,08 og eru í því verði taldar kr. 6,182,05, sem kaupendurnir greiddu fyrir útskipun, flutning og váttrygging varanna. En afgangurinn, vörur fyrir kr. 93,882,90, voru seldar í Reykjavík, í Hafnarfjörð, á Seltjarnarnesi, Álftanesi, Kjalarnesi eða í Mosfellssveit. Má af þessu og afhendingabókunum ráða, að vörunar hafa skifst sæmilega jafnt um land alt. Nefndin litur svo á, að rjett hefði verið að jafna að minsta kosti meiri partinum af þessum kostnaði á vöruna alla og hefði vöruverðið þá hækkað um 1—2%.

Þess skal hjer getið, að kaupendurnir í Gullbringu, Kjósar, Árness- og Rangárvallasýslum, og ef til vill fleiri, tóku við vörunum hjer í Reykjavík. Jafnast flutningskostnaðurinn þá á færri kaupendur, en nefndin hefir ekki getað sjeð með vissu hve margir þeir eru.

Um verð Ameríkuvaranna er það segja, að nefndin hefir ekki haft ráðrúm til að afla sjer, til samanburðar, upplýsinga um vöruverð síðastliðið haust víðsvegar um land og Hagstofan hefir ekki getað gefið þessar upplýsingar. En eftir því sem vjer höfum komist næst, mun verð varanna hafa verið nokkru lægra en kaupmannaverð alment, á sama tíma, og sumstaðar var jafnvel mikill verðmunur. En í nokkrum kaupfélögum mun þó verð á sumum þessum vörutegundum hafa verið heldur lægra. Aftur á móti er alment viðurkennt að vörunar hafi verið mjög góðar, jafnvel talsvert betri en menn hafa átt að venjast, og vegur það á móti hinu háa verði.

Eins og vikið er að hjer að framan, var það hræðslan við siglingateppu, sem kom stjórninni til þess að ráðast í þessi vörukaup frá Ameríku. Að visu hefir ráðið sámilega fram úr með siglingar til landsins fram á þennan dag, og er að vorri hyggju engin sjerstök ástæða til að óttast að siglingar muni hjer eftir teppast af völdum ófriðarins. En samt sem áður verðum vjer að telja vörukaupin heppileg.

Víðsvegar um land var hálfgerður vöruskortur og bættu Ameríkuvörunar þar mikið úr skák. Verð varanna var það lágt, að það hjelt niðri verði kaupmanna, að minsta kosti sumstaðar í landinu. Loks var eins og áður er minst á, hveitið og hafragrjónin mjög góðar tegundir, mun betri en almenníngur hjer á landi hefir átt að venjast og má vænta að með þessum kaupum myndist ný og heppileg sambönd, sjerstaklega um þessar vörur.

Eftir því sem nefndinni hefir verið skýrt frá, hefir nokkur rýrnun orðið á vörunum. Hefir ekki unnist tími til að rannsaka nákvæmlega hve mikil hún er, en vjer höfum getað sannfært oss um, að rýrnunin hefir ekki numið svo miklu, að nokkuð verulegt sje við hana að athuga. Og þrátt fyrir hana sýnir skilagrein Stjórnarráðsins (fgskj. I., II.) að nokkur hagnaður hefir verið á sölnni.

III. Salt.

Stjórnin var hrædd um síðastliðið haust að vanta mundi salt til kjötsöltunar og keypti því 92½ tonn af salti. Var salt þetta selt og tapaði landssjóður á því kr. 203,21, sambr. fskj. I., IV.

IV. Síldarmjöl.

Þá keypti stjórnin einnig síðastliðið haust 50 tonn af síldarmjöli til skepnufóðurs. Var mjölið selt hjer í Reykjavík með kr. 266,50 hagnaði fyrir landssjóð.

V. Hafragrjón.

Þegar e/s Gullfoss fór til New York í síðastliðnum aprilmánuði, keypti stjórnin þaðan 70 tonn af hafragrjónum. Kostuðu þau samtals kr. 14337,28 eða kr. 20,48 pr. 50 kg. og eru öll óseld enn þá. Þetta verð er hátt og litlar líkur til að grjónin seljist án taps fyrir landssjóð, sjerstaklega ef þau verða geymd lengi úr þessu. Telur nefndin því hyggilegast að selja þau sem fyrst.

VI. Sykur.

Þegar e/s »Hermod« var sent til Ameríku í fyrra haust, var ráðgert að kaupa þaðan sykur, þar eð stjórnin óttaðist, að sykur eigi mundi fást frá Þýskalandi. En það tókst eigi, að fá þar viðunandi samninga um sykurkaup, og varð því ekkert úr þeim að því sinni.

Til þess þó að eiga nokkurn sykurforða, ef innflutningur hindraðist, keypti stjórnin gegnum umboðsmann hjer í bæ 156,022 kg. af allskonar sykri, er kostaði að tolli og öllum öðrum kostnaði meðtöldum samtals kr. 79688,95 eða rúman 51 eyri hvert kg. Af sykri þessum var búið að selja, þegar bráða-birgðaskilagreinin var gerð samtals 38,546^{1/2} kg. fyrir kr. 21,731,41. Er þá ó-selt af sykrinum 117,475^{1/2} kg., sem hefir kostað landssjóð kr. 57,957,54 eða um 49^{1/3} eyri kg. Má ætla, að selja megi sykurinn án þess að tapa svo nokkru nemi á þeirri verslun allri.

Samandregið yfirlit yfir alla þessa verslun landsstjórnarinnar lítur þannig út:

Keyptar vörur:

1.	5364,85 tonn kol	kr. 186,531,46
2.	Hermod's-vörur frá Ameríku	— 388,981,99
3.	92,5 tonn salt	— 5,038,91
4.	50 tonn síldarmjöl	— 7,733,50
5.	70 tonn hafragrjón með Gullfossi	— 14,337,28
6.	156 tonn sykur	— 79,686,95
	Kostnaðarverð samtals	<u>kr. 682,312,09</u>

Hagnaður við söluna:

1.	Á kolum	kr. 6,287,02
2.	- Hermod's-vörum	— 12,240,93
3.	- síldarmjoli	— 266,50
	Hagnaður samtals	<u>kr. 18,794,45</u>

Þar frá dregst tap við sölu á salti	— 203,21
Hreinn gróði því	<u>kr. 18,591,24</u>

Oseldar vörur eru nú:

1.	2281,46 tonn kol	kr. 96,080,65
2.	1 sekkur kaffibaunir	— 91,20
3.	70 tonn hafragrjón	— 14,337,28
4.	117,475 ^{1/2} kg. sykur	— 57,957,54
	Vöruleifar þannig samtals	<u>kr. 168,466,67</u>

Loks skal þess getið, að um síðastliðin mánaðarmót var óinnheimt af vöruverðinu samtals kr. 11,515,47. Stendur því nær alt það fje hjá hreppum og bæjarfjölögum, og væntir nefndin, að fjárupphæðir þessar verði innheimtar mjög bráðlega án nokkurs kostnaðar eða affalla fyrir landssjóð.

Alþingi 14. sept. 1915.

Ólafur Briem,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari.

Guðm. Hannesson.

Matth. Ólafsson.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgða-skilagrein

tyrur keyptum og seldum vörum fyrir landssjóðsreikning
1914—1915.

I. Kolafarmur með e/s »Hermod«.

Gjöld:

1.	1400 tons kol frá Bergen og fyrirfram greiðsla á skipsleigu	kr.	44992,37	
2.	Kolatollur í Reykjavík og Hafnarfirði	—	1159,00	
3.	Skipgjald í Reykjavík og Hafnarfirði	—	477,35	
4.	Hafnsögugjald	—	118,52	
5.	Uppskipun í Reykjavík	—	2622,79	
6.	Símskeytakostnaður.....	—	173,80	
7.	Ábyrgðargjald	—	262,50	kr. 49806,33
8.	Í Hafnarfirði: Uppskipun á 311,400 tons kol ...	—	420,39	
9.	— — — — — Ýmisleg gjöld.....	—	234,95	
10.	— — — — — Sölulaun á seldum kolum 5% ..	—	454,90	
11.	— — — — — Undirvigt 27,084 tons 32/— ...	—	866,69	— 1976,93
				— 51783,26

Tekjur:

1.	Selt Gasstöð Reykjavíkur 828 tons á 30/— ..	kr.	25840,00	
2.	Sent til Hafnarfjarðar 311,400 tons 32/—	—	9964,80	
3.	»Hermod« eytt af farminum 261 tons á 30/—	—	7830,00	
4.	Mismunur: Fyrirfram greidd skipsleiga o. fl. yfirfærast á Ameríkuferð skipsins.....	—	9148,46	kr. 51783,26
				— 51783,26

II. Kornvörur og steinolía með e/s »Hermod« frá Ameríku:

Gjöld:

1. Yfirfært frá Noregsferðinni samkv. framanrituðu	kr.	9148,46	
2. Innkaupsverð á vörum keyptum frá Ameríku \$ 80,357,13 á kr. 3,77	—	302946,38	
3. Skipsútgjöld, skipsleiga, kol m. m.	—	43018,86	
4. Tollur og vörutollur	—	14202,80	
5. Símskeytakostnaður	—	1653,77	
6. Uppskipun m. m.	—	2901,82	
7. Húsaleiga	—	1842,09	
8. Vátryggingar	—	7474,29	
9. Fór sendimanna til New York.....	—	3783,78	
10. Hafnargjald á Eyjafirði m. m.	—	115,37	
11. Ýmislegar kostnaður greiddur af O. Friðgeirssyni	kr.	7092,58	
÷ þar af endurgreitt af vörukaupendum	—	6557,21	— 535,37
12. Borgað O. Friðgeirssyni í ómakslaun.....	—	1359,00	— 388981,99
Ávinningur.....			— 12240,93
			<u>kr. 401222,92</u>

Tekjur:

1. Farmgjald til New York:			
a. fyrir ull	kr.	6904,00	
b. fyrir síld	—	12000,00	kr. 18904,00
2. Endurgreiðsla á skipsleigu	—		373,60
3. Seldar vörur frá Ameríku:			
a. kornvörur og kaffi.....	—	311582,78	
b. steinolía.....	—	19561,30	
4. Innborgað fyrir apotekara- og Röntgensvörur	—	4851,28	
5. Innborgað frá Færeyjum fyrir vörur	—	45858,76	
Óselt: 1 sk. kaffi 60 kg. á 1,52	—	91,20	
			<u>kr. 401222,92</u>

III. Kolafarmur með e/s »Falkness«.

Gjöld:

1. Keypt 1692 tons 11 cwt. kol c. i. f. Reykjavík	kr.	36066,58
2. Kolatollur	—	1721,00
3. Uppskipun.....	—	3251,45
4. Þóknun til skipstjóra £ 10.-0-0 18,50	—	185,00
5. Sala, útlát og keyrsla á kolum	—	2968,88

6. Prentun og auglýsingar	—	54,60	
7. Borgað O. Friðgeirssyni í ómakslaun	—	162,00	kr. 44409,51
Ávinningur.....			— 6287,02
			kr. 50696,53

Tekjur:

1. Selt af Stjórnarráðinu:			
a. 68 tons kol 28,00	kr.	1836,00	
b. 13 tons kol 27,00	—	364,00	
2. Selt af O. Friðgeirssyni:			
9699,049 skpd. kol 5,00.....	—	48496,53	-- 50696,53

IV. Salt frá e/s »Magnhild«.

Gjöld:

1. Keypt 92 ¹ / ₂ tons salt fyrir.....	kr.	4604,12	
2. Vórutollur	—	46,50	
3. Uppskipun	—	163,20	
4. Húsaleiga	—	120,00	
5. Kostnaður við útlát og sölu á saltinu	—	105,09	kr. 5038,91

Tekjur:

1. Selt 89,550 tons salt 54,00	—	4835,70	
2. Undirvigt og tap	—	203,21	— 5038,91

V. Sildarmjöl keypt á Eyjafirði.

Gjöld:

1. Keypt 500 sk. sildarmjöl 100 kg.	kr.	7455,50	
2. Uppskipun.....	—	200,00	
3. Húsaleiga	—	50,00	
4. Sölu kostnaður	—	28,00	kr. 7733,50
Ávinningur.....			— 266,00
			kr. 8000,00

Tekjur:

Seldir 500 sk. sildarmjöl 16,00.....	kr.	8000,00
--------------------------------------	-----	---------

VI. Kolafarmur með e/s »Magnhild«.

Gjöld:

1. Keypt 1190 tons kol c. i. f. Reykjavík	kr.	32130,00	
2. Kolatollur	—	1213,00	
3. Þóknun til skipstjóra £ 7-0-0 18,50	—	129,50	
4. Uppskipun.....	—	2825,07	
5. Kostnaður við söluna.....	—	236,00	kr. 36533,57

Tekjur:

1. Selt 90,840 tons 37,50	—	3406,50	
2. Óseld kol fyrir	—	33127,07	— 36533,57

VII. Kolafarmur með e/s »Polly«.

Gjöld

1. Keypt 1082,3 tons kol fyrir	kr.	24764,20	
2. Farmgjald fyrir smálest £ 1-12-6	—	34383,28	
3. Þóknun til skipstjóra	—	120,00	
4. Kolatollur	—	1099,00	
5. Uppskipun og bryggjuleiga	—	2587,10	kr. 62953,58

Tekjur:

Öll kolin óseld fyrir	—	62953,58	
-----------------------------	---	----------	--

VIII. Hafragrjón með e/s »Gullfoss«.

Gjöld:

1. Keyptir 700 sekkir hafragrjón 50 kg. með kostnaði samkv. reikningi O. Johnson & Kaaber	kr.	14251,32	
2. Brunaábyrgðargjald	—	40,96	
3. Flutningur af bryggju í hús.....	—	45,00	kr. 14337,28

Tekjur:

Alt óselt fyrir	—	14337,28	
-----------------------	---	----------	--

IX. Sykur keyptur c. i. f. Reykjavík af A. Obenhaupt.

1. 51,022 kg. toppasykur	kr.	19161,70	
90000 — kassasykur	—	30382,00	

5000 — steyttur sykur	—	1543,00	
10000 — púðursykur	—	2906,00	kr. 53992,70
2. Uppskipun, pokar og flutningur	—		701,55
3. Tollur			23403,30
4. Greidd húsaleiga	—		675,00
5. Brunabótagjald	—		623,40
6. Borgað O. Friðgeirssyni ómakslaun	—	293,00	kr. 79688,95

T e k j u r :

Selt til 24. ágúst 1915:

a. með upphaflegu verði:

10766 ¹ / ₂ kg. toppasykur 0,57	kr.	6136,91
605 — toppasykur (óhreinir mol- ar) 0,40	—	242,00
21900 kg. kassasykur 0,57	—	12483,00
2400 — steyttur sykur 0,53	—	1272,00
1300 — púðursykur 0,51	—	663,00

b. með hækkuðu verði:

200 kg. toppasykur 0,62	—	124,00
775 kg. kassasykur 0,62	—	480,50
400 kg. steyttur sykur 0,56	—	224,00
200 kg. púðursykur 0,53	—	106,00
	kr.	21731,41

Óseldur sykur fyrir	—	57957,54
	kr.	79688,95

Í Stjórnarráði Íslands, 28. ágúst 1915.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Fylgiskjal II.

Listi

yfir seldar Hermod's-vörur frá Ameríku.

1914—15

		A. Með upphaflegu verði:		Kr. a.	Kr. a.
2101	Sk.	Pilsbury hveiti ¹⁸ / ₈₅	...	39,603,85	
1261	»	Echo hveiti ¹⁷ / ₆₅	...	22,256,65	
2430	»	Straights hveiti ¹⁷ / ₈₀	...	42,039,00	
1597	»	Vernal hveiti ¹⁵ / ₂₅	24,354,25	
2822	»	Verana hveiti ¹⁰ / ₈₀	...	30,477,60	
2245,9	»	Völsuð hafragrjón ¹⁵ / ₈₀	...	34,362,27	
664	»	Hrisgrjón Rangvon ⁸¹ / ₀₀	...	20,584,00	
428	»	— Amerísk ¹⁴ / ₀₀	...	5,992,00	
286	»	— Síam ¹⁴ / ₈₀	...	4,232,80	
1789	»	Maismjöl ¹⁷ / ₄₀	...	31,128,60	
645	»	Kaffibaunir á 60 kg. ¹ / ₄₂ , ⁸⁵ / ₂₀	...	54,954,00	
				<u>Kr. 309,985,02</u>	

Hjer frá dregst:

a. Bætt upp vigt á kaffi 27¹/₄ kg. ¹/₄₂ Kr. 38,69

b. Afsláttur á 14 sk. af skemdu hveiti — 82,80 121,49 309,863,53

B. Með hækkuðu verði:

1	Sk.	Pilsbury hveiti	...	20,85	
26	»	Echo hveiti ¹⁹ / ₆₅	...	510,90	
19	»	Straights hveiti ¹⁹ / ₈₀	...	366,70	
9	»	Kaffi á 60 kg. á ¹ / ₆₃ , ⁹¹ / ₂₀	...	<u>820,80</u>	1,719,25
Seldar kornvörur og kaffi fyrir samtals				...	311,582,78
Hjer við bætist óselt:					
1 sekkur kaffi á 60 kg. á ¹ / ₆₃				...	<u>91,20</u>
				<u>Samtals Kr. 311,673,98</u>	

S. E. & O.

Reykjavík 27. ágúst 1915.

O. Friðgeirsson.